

**Nr. 22 - 007 S 006 Kap VE 4*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1742  
IMO 8612378  
Útgerð: Vinnslustöðin hf.  
Smíðaður: Póllandi, 1987, stál.  
Stærð: 1410,6 BT  
Mesta lengd: 66,74 m Skráð lengd: 60,29 m  
Breidd: 11,0 m Dýpt: 8,0 m  
Vél: Wartsila 4140 kW 2000.  
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hólmgæir Austfjörð

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 4. apríl 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. nóvember 2021 var Kap VE 4 við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverjar voru að hafa endaskipti á snurpuvír með þeim hætti að vírnum var spólað inn á kefli, þar næst inn á spil og í framhaldinu var híft á milli spila. Skipverjar voru að lemja saman neðstu vírlögin á spilinu. Skipverji var að stýra vírnum með melspíru sem fylgdi snúningi spilsins en hann hélt um enda hennar. Melspíran festist undir vírnum, snerist og klemmdi hönd skipverjans milli melspíru og undirstöðubita vírastýrisins.



Mynd 1snurpustól

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Skipverjar voru þrír við verkið og stjórnaði einn vindunni, annar stýrði vírnum og sá þriðji stóð á lengdar og fylgdist með.
- Afstaða vírastýrisins var ekki í línu við vírinn á tromlunni og því þurfti að lemja vírinn að næstu röð til að ekki myndaðist gap. Þetta var gert til að koma í veg fyrir að vírinn græfi sig ekki niður.

- Stjórnandi spilsins fór að fyrirmælum þess er slasaðist varðandi hífingar inn á spilið.
- Ekki hafði verið gert áhættumat vegna þessa verks.

*Nefndarálit:*

Orsök slyssins má rekja til þess að nota þurfti melspíru til stýringa á vírnum þar sem vírastýrið var ekki í línu við vírinn.